



## Íslenska krónan veiktist töluvert á síðasta ári

Á síðasta ári veiktist krónan á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar. Þannig kostaði evran 14,9% meira í lok árs 2020 en í byrjun árs, Bandaríkjadollar 5,0% meira og sterlingspund 8,9% meira.

Í upphafi árs 2020 kostaði evran um 136 krónur. Krónan tók að veikjast eftir að Covid-19-heimsfaraldurinn skall á. Þetta er í samræmi við þróun annarra minni gjaldmiðla gagnvart þeim stærri í heimsfaraldrinum.

Fyrir utan styrkingu í mars í kjölfar samkomulags SÍ og lífeyrissjóðanna um að þeir síðarnefndu myndu halda sér til hlés á gjaldeyriskaupum, styrkingu í maí í kjölfar þess að rýmkað var um aðgerðir vegna Covid-19 og aftur í september í kjölfar þess að SÍ tilkynnti um reglulega sölu á gjaldeyri var krónan undir nokkuð stöðugum þrýstingi allt til loka október, þegar evran kostaði 165 krónur. Krónan styrktist síðan nokkuð í nóvember. Í lok árs kostaði evran 156 krónur, sem er 14,9% meira en í upphafi ársins.

### Seðlabankinn virkur á gjaldeyrismarkaði


Alls var veltan á millibankamarkaði með gjaldeyri 414,1 ma.kr. (2.653 m.evra) í fyrra. Þetta er 1,9 sinnum meiri velta en árið áður í krónum talið en 2,2 sinnum meiri velta en árið áður í evrum talið.

Óhætt er að segja að Seðlabankinn hafi verið virkur á millibankamarkaði með gjaldeyri en hlutdeild hans í heildarveltu ársins var um 37%, samanborið við 8% hlutdeild árið áður. Nettósala SÍ á gjaldeyri var 133 ma.kr. (825 m.evra). Í upphafi árs nam vergur gjaldeyrisforði SÍ 6.050 m.evra, þannig að bankinn seldi um 14% af forðanum á árinu.

	31.12.2020	YTD	1M	3M	12M
GVT	200,5	11,6%	-2,2%	-3,8%	11,6%
EUR	156,1	14,9%	-1,8%	-3,8%	14,9%
USD	127,2	5,0%	-4,1%	-8,2%	5,0%
GBP	173,6	8,9%	-1,9%	-2,4%	8,9%
DKK	21,0	15,4%	-1,8%	-3,7%	15,4%
NOK	14,9	8,4%	-0,9%	2,2%	8,4%
SEK	15,6	19,8%	-0,3%	1,5%	19,8%
CHF	144,4	15,4%	-1,6%	-3,8%	15,4%
JPY	1,23	10,6%	-3,1%	-5,8%	10,6%

Heimild: Seðlabanki Íslands


### Gengisþróun



Síðasta dags. 31.12.2020  
Heimild: Seðlabanki Íslands




Krónan veiktist á móti gjaldmiðlum allra helstu viðskiptalanda okkar í fyrra.




Síðasta dags. 31.12.2020  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Velta á gjaldeyrismarkaði í desember var 52,3 ma.kr. (337,5 m.evra). Hlutdeild Seðlabankans var 46%.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. desember 2020  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Nettó sala Sí á gjaldeyri í desember nam 21,7 mö.kr. (139,5 m.evra). Þar af voru 13,1 ma.kr. (84,5 m.evra) 17. desember.




Síðasta dags. 31.12.2020  
Heimild: Seðlabanki Ísland

Flóktið á íslensku krónunni gagnvart evru jókst milli mánaða í desember.




Mánaðarleg gögn, síðasta dagsetning nóvember 2020.  
Heimild: Seðlabanki Íslands, útreikningar Hagfræðideildar

Gjaldleyrisforðinn lækkaði um 620 m.evra (10,2%) á fyrstu 11 mánuðum 2020.



Staða í lok mánaðar, síðasta dags. 30.11.2020  
Heimild: Seðlabanki Íslands


Innlán innlendra aðila á I.G. reikningum, mæld á föstu gengi, lækkuðu um 3,8 ma.kr. (1,4%) í nóvember.




Staða í lok mánaðar, allar tölur á föstu gengi (30.11.2020)  
Heimild: Seðlabanki Íslands




3.300 erlendingir gestir fóru um Leifsstöð í nóvember.




Erlendum ferðamönnum um Leifsstöð fækkaði um 97,5% milli ára.



Án skipa og flugvéla var 7,1 ma.kr. halli af vöruviðskiptum við útlönd í október.




Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 8,4 ma.kr. í nóvember.



Raugengi miðað við verðlag var 6,8% lægra í desember en í sama mánuði 2019. Nafngengið var 9,8% veikara.



Breytingin á raungenginu síðustu ár skýrist aðallega af nafngengisbreytingu.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar